

Titill brautar:	Námsleið:
Textílbraut	viðbótarnám við framhaldsskóla

Lýsing:

Nám á textílbraut er tveggja ára nám í textíl þar sem áhersla er lögð á að nemandinn kynnist öllum helstu aðferðum og tækni við textílvinnu bæði gömlum og nýjum. Rík áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við alla verklega vinnu nemandans og fræðilegt nám á brautinni miðar að því að dýpka fagþekkingu nemandans, auka víðsýni hans og getu til að setja verk sín í samhengi við samfélagið og list- og hönnunarheiminn og efla kjark til frekari rannsókna og tilrauna með miðilinn. Að loknu námi getur nemandi sótt um að ljúka BA gráðu við listaháskóla og er þá undir viðkomandi háskóla komið hvort og að hve miklu leyti námið er metið til háskólaeininga.

GRUNNUPPLÝSINGAR MEGINATRÍÐI BRAUTARLÝSINGAR

Inntökuskilyrði:

Inntökuskilyrði á brautina er stúdentspróf af listnámsbraut eða sambærileg menntun. Umsækjendur skila inn skissubókum og möppu með sýnishornum af eigin verkum. Umsækjendur eru ennfremur kallaðir í viðtal við inntökunefnd.

Skipulag:

Nám á textílbraut er 120 framhaldsskólaeiningar þar sem nemandi tileinkar sér hæfni á fjórða þrepi. Námið skiptist í fjórar annir og er unnið er út frá ákveðnum grunnþætti á hverri um sig. Möguleikar viðfangsefnisins eru skoðaðir frá ýmsum sjónarhornum og tilraunir gerðar með nýjar leiðir að efni og aðferðum. Vettvangur er skapaður fyrir frjóa umræðu og fræðimenn og fagfólk úr ólíkum áttum er fengið til að varpa ólíku ljósi á námsefnið og draga fram tengsl þess við sögu og samfélag. Á hverri önn fer samhliða fram kennsla í hugmyndavinnu og verkstæðisvinnu en milli þeirra áfanga er mikið flæði þar sem þróun verka og hugmynda haldast í hendur. Í lok annar vinnur nemandi sjálfstætt að eigin verkum. Námið er að stórum hluta verklegt en u.þ.b. fjórðungur af öllum áföngum er fræðilegt nám. Til fræðilegra áfanga teljast fagsaga, hönnunarsaga, listasaga og málstofa sem er vettvangur fyrir margvíslega umræðu um greinina, auk þess sem nemendur fá innsýn í heimspeki, fjármál og

fjalla á gagnrýninn hátt um mál sem brenna á samfélaginu á hverjum tíma. Með þessu er leitast við að skoða textílinn í stærra samhengi og víðara ljósi. Áfangar eru ýmist kenndir yfir alla önnina eða í styttri lotum.

Námsmat

Námsmat tekur mið af þeim námsmarkmiðum sem sett eru fram í áfangalýsingu. Í kennslulýsingu er kveðið á um verkefnaskil og með hvaða hætti mat verður lagt á vinnu nemenda í áfanganum. Umgjörð námsmats er útfærð í skólanámskrá en námsmat við skólann byggir á símati með áherslu á fjölbreyttar matsleiðir til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Í verklegu námi tekur matið í senn til hæfni nemenda í viðkomandi grein og getu þeirra til að tjá sig og fjalla um viðfangsefnið skriflega, munnlega eða með öðrum hætti. Auk einkunnar fá nemendur leiðbeinandi umsögn við lok flestra áfanga. Í samráði við námsráðgjafa eru fundnar leiðir til úrlausnar verkefna fyrir nemendur sem greindir með tiltekna námsörðugleika.

Starfsnám:

Reglur um námsframvindu:

Til að ljúka áfanga þarf nemandi að fá einkunnina 5. Nánar er kveðið á um námsframvindu og ástundun í skólanámskrá.

Hæfniviðmið:

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- vinna sjálfstætt að skilgreindum verkefnum
- vinna markvisst að þróun hugmynda
- beita faglegum vinnubrögðum
- eiga í góðum samskiptum við fólk og geta unnið í nánú samstarfi við aðra
- miðla upplýsingum um eigin hugmyndir og verk með greinargóðum hætti
- viðhalda þekkingu sinni og þjálfun í faginu með því að fylgjast með nýjungum
- taka þátt í og fylgjast með faglegri umræðu á sínu sviði
- þekkja starfs- og viðskiptaumhverfi í sínu fagi
- Nota fjölbreyttar aðferðir til að koma verkum sínum á framfæri
- Sýna ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi
- Vera meðvitaður um hvaða áhrif efni og framleiðslu aðferðir hafa á umhverfið.
- umgangast verkfæri og tæki af skynsemi og viðhalda verkstæði af ábyrgð og skynsemi.

Annir, áfangar, einingar

Vefnaður		
HUGM4XV03	Vefnaður	3
LIST4NL02	Nútíminn	2
LITA4LX03	Litir og textíll	3
MÁLS4XV04	Vefnaður	4
TXTL4UV05	Ullarvinnsla	5
TXTL4VF09	Vefnaður	9
VSTÆ4XV04	Vefnaður	4
		30
Prjón		
SAGA4FX03	Textílsaga	3
HUGM4XP03	Prjón	3
MÁLS4XP04	Prjón	4
TEIK4ST03	Skissuteikning	3
TXTL4PR13	Handprjón, vélprjón	13
VSTÆ4XP04	Prjón	4
		30
Tækni og umhverfisvitund		
HÖNS4AH03	Almenn hönnunarsaga	3
HUGM4XT03	Tækni og umhverfisvitund	3
MÁLS4XT04	Tækni og umhverfisvitund	4
MAPP4SF02	Starfsþróun og ferilskrá	2
NÁMS4NF05	Námsferð	5
TXTL4EA09	Efni og aðferðir	9
VSTÆ4XT04	Tækni og umhverfisvitund	4
		30
Þrykk		
HUGM4XP03	Þrykk og litun	3
LIST4SL02	Samtíminn	2
MÁLS4XP04	Þrykk og litun	4
TEIK4MY05	Mynsturgerð	5
TXTL4PL12	Litur og myndur	12
VSTÆ4XP04	Þrykk og litun	4
		30
Einingar brautar alls		120

Áfangar á textílbraut

Námsgrein: Hugmyndavinna

HUGM4XV03 Vefnaður

Lýsing

Í áfanganum er unnið með sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Nemandinn kynnist hefðbundnum verkfærum og skapandi rannsóknaraðferðum í hugmyndavinnu og tileinkar sér persónulegar vinnuaðferðir. Nemandinn kannar fjölbreyttar leiðir til útfærslu í vinnu með vefnað og leysir ýmis verkefni til að víkka sýn sína á hugmynd og þróa í myndræna útfærslu. Sérstök áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við vefnað.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda í hugmyndavinnu
- helstu hugtökum um hugmyndavinnu
- mikilvægi skrásetningar og skissuvinnu í þróun og söfnun hugmynda
- mikilvægi hugmynda í textílvinnu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu, svo sem hugmyndasöfnun, skrásetningu og skissuvinnu með myndum og texta
- að þróa hugmyndir sínar og vinna úr þeim með skapandi hætti
- vinna með hugmyndir sínar í skipulögðu ferli
- setja fram hugmyndir á myndrænu formi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir hvernig hugmyndavinna gagnast í skapandi vinnu
- gera grein fyrir hugmyndavinnu og ferli við sköpun verks
- nýta mismunandi rannsóknaraðferðir í hugmyndavinnu
- nýta skapandi rannsóknaraðferðir til þess að bæta persónuleg efnistöð sín í textílvinnu

HUGM4XP03 Prjón

Lýsing

Í áfanganum er unnið með sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Nemandinn kynnist hefðbundnum verkfærum og skapandi rannsóknaraðferðum í hugmyndavinnu og tileinkar sér persónulegar vinnuaðferðir. Nemandinn kannar fjölbreyttar leiðir til útfærslu og leysir ýmis verkefni til að víkka sýn sína á hugmynd og þróa í myndræna útfærslu. Sérstök áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við prjón.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda í hugmyndavinnu
- helstu hugtökum um hugmyndavinnu
- mikilvægi skrásetningar og skissuvinnu í þróun og söfnun hugmynda
- mikilvægi hugmynda í textílvinnu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu, svo sem hugmyndasöfnun, skrásetningu og skissuvinnu með myndum og texta
- að þróa hugmyndir sínar og vinna úr þeim með skapandi hætti
- vinna með hugmyndir sínar í skipulögðu ferli
- setja fram hugmyndir á myndrænu formi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir hvernig hugmyndavinna gagnast í skapandi vinnu
- gera grein fyrir hugmyndavinnu og ferli við sköpun verks
- nýta mismunandi rannsóknaraðferðir í hugmyndavinnu
- nýta skapandi rannsóknaraðferðir til þess að bæta persónuleg efnistöð sín í textílvinnu

HUGM4XT03 Tækni og umhverfisvitund

Lýsing

Í áfanganum er unnið með sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Nemandinn kynnist hefðbundnum verkfærum og skapandi rannsóknaraðferðum í hugmyndavinnu og tileinkar sér persónlegar vinnuaðferðir. Nemandinn kannar fjölbreyttar leiðir til útfærslu og leysir ýmis verkefni til að víkka sýn sína á hugmynd og þróa í myndræna útfærslu. Sérstöð áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við textíltækni og umhverfisvitund.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda í hugmyndavinnu
- helstu hugtökum um hugmyndavinnu
- mikilvægi skrásetningar og skissuvinnu í þróun og söfnun hugmynda
- mikilvægi hugmynda í textílvinnu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu, svo sem hugmyndasöfnun, skrásetningu og skissuvinnu með myndum og texta
- að þróa hugmyndir sínar og vinna úr þeim með skapandi hætti
- vinna með hugmyndir sínar í skipulögðu ferli
- setja fram hugmyndir á myndrænu formi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir hvernig hugmyndavinna gagnast í skapandi vinnu
- gera grein fyrir hugmyndavinnu og ferli við sköpun verks
- nýta mismunandi rannsóknaraðferðir í hugmyndavinnu
- nýta skapandi rannsóknaraðferðir til þess að bæta persónuleg efnistöð sín í textílvinnu

HUGM4XP03 Þrykk og litun

Lýsing

Í áfanganum er unnið með sköpunarkraft og hugmyndaauðgi. Nemandinn kynnist hefðbundnum verkfærum og skapandi rannsóknaraðferðum í hugmyndavinnu og tileinkar sér persónlegar vinnuaðferðir. Nemandinn kannar fjölbreyttar leiðir til útfærslu og leysir ýmis verkefni til að víkka sýn sína á hugmynd og þróa í myndræna útfærslu. Sérstöð áhersla er lögð á hugmyndavinnu í tengslum við textílptrykk og litun.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eiginleikum ólíkra verkfæra og áhalda í hugmyndavinnu
- helstu hugtökum um hugmyndavinnu
- mikilvægi skrásetningar og skissuvinnu í þróun og söfnun hugmynda
- mikilvægi hugmynda í textílvinnu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu, svo sem hugmyndasöfnun, skrásetningu og skissuvinnu með myndum og texta
- að þróa hugmyndir sínar og vinna úr þeim með skapandi hætti
- vinna með hugmyndir sínar í skipulögðu ferli
- setja fram hugmyndir á myndrænu formi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir hvernig hugmyndavinna gagnast í skapandi vinnu
- gera grein fyrir hugmyndavinnu og ferli við sköpun verks
- nýta mismunandi rannsóknaraðferðir í hugmyndavinnu
- nýta skapandi rannsóknaraðferðir til þess að bæta persónuleg efnistöð sín í textílvinnu

Námsgrein: Hönnunarsaga

HÖNS4AH03 Almenn hönnunarsaga

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn dýpki skilning sinn á samhengi sögu og samtíðar og jafnframt á mikilvægi þess að nýta þekkingu sína á sögu hönnunar í eigin hönnunarvinnu. Stiklað er á stóru í almennri hönnunarsögu frá iðnvæðingu til okkar tíma en megináhersla lögð á 20. aldar hönnun. Nemandinn kynnist helstu stefnum og stílgerðum og rannsakar þróunina í ljósi aðstæðna og tíðaranda hverju sinni. Nemandinn kynnist jafnframt helstu frumkvöðlum í listhandverki og hönnun á 20.öld. Áfanginn veitir nemandanum tækifæri til að öðlast góða yfirsýn yfir söguna, verða betur læs á manngert umhverfi og eiga auðveldara með að setja það í samhengi við fagsögu og almenna sögulega þróun.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- almennri sögu hönnunar og listhandverks frá iðnvæðingu til okkar tíma
- samhengi íslenskrar og alþjóðlegrar hönnunarsögu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fjölbreyttum leiðum til að setja fram þekkingu og miðla til annarra
- vinna í samvinnu við aðra að verkefnum og kynningum með sameiginleg markmið hópsins að leiðarljósi
- nota heimildir á faglegan hátt og skrifa lipran texta í skriflegum verkefnum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja þekkingu sína og skilning á sögu hönnunar við orðræðu og tíðaranda samtímans
- draga eigin ályktanir og rökstyðja þær á sjálfstæðan hátt
- styrkja sérstöðu eigin verka með því að setja þau í faglegt og sögulegt samhengi

Námsgrein: Listasaga

LIST4NL02 Nútíminn

Lýsing

Markmið áfangans er að dýpka skilning nemandans á tengslum sögu og samtíðar og efla hæfni hans í að nýta þekkingu sína á listasögunni í verklegu námi og framtíðarlistsköpun. Sjónum er beint að tímabilinu frá miðri 19. öld og fram yfir seinni heimsstyrjöld og fjallað um helstu strauma og stefnur í myndlist og rýnt í fjölbætt efnistöð, tækni og aðferðir. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á áhrif þessa tímabils á myndlist, hönnun og listhandverk dagsins í dag. Nemandinn kynnist ýmsum lykilverkum myndlistarinnar og tengir við helstu stefnur og strauma á tímabilinu og dýpkar jafnframt hæfni sína í að fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu lykilverkum vestrænnar lista- og hönnunarsögu frá iðnbyltingu og fram yfir seinni heimsstyrjöld
- samhenginu milli sögu og samtíðar
- fjölbreyttu orðfæri og hugtökum um listir og hönnun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina verk út frá sjónrænum þáttum á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt
- greina áhrif sögunnar á verk og hugmyndir í samtímanum
- fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla af þekkingu og víðsýni um helstu lykilverk lista- og hönnunarsögu frá iðnbyltingu fram yfir síðari heimsstyrjöld
- skrifa skýran, fræðilegan og greinandi texta um samhengi sögu og samtíma og taka þátt í gagnrýninni umræðu um menningu, listir og sögu
- beita þekkingu sinni á listasögunni í verklegu námi og í framtíðarlistsköpun á sínu sviði

LIST4SL02 Samtíminn

Lýsing

Markmið áfangans er að dýpka skilning nemandans á tengslum sögu og samtíðar og efla hæfni hans í að nýta þekkingu sína á listasögunni í verklegu námi og framtíðarlistsköpun. Sjónum er beint að tímabilinu frá 1960 til dagsins í dag og fjallað um helstu strauma og stefnur í myndlist og rýnt í fjölbætt efnistöð, tækni og aðferðir. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á áhrif þessa tímabils á myndlist, hönnun og listhandverk samtíðarinnar. Nemandinn kynnist ýmsum lykilverkum myndlistarinnar og tengir við helstu stefnur og strauma á tímabilinu og dýpkar jafnframt hæfni sína í að fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu lykilverkum vestrænnar lista- og hönnunarsögu á tímabilinu frá 1960 til dagsins í dag
- samhenginu milli sögu og samtíðar
- fjölbreyttu orðfæri og hugtökum um listir og hönnun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina verk út frá sjónrænum þáttum á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt
- greina áhrif sögunnar á verk og hugmyndir í samtímanum
- fjalla um sjónlistir á gagnrýninn og fræðilegan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- að fjalla af þekkingu og víðsýni um helstu lykilverk lista- og hönnunarsögu á tímabilinu frá 1960 til dagsins í dag
- skrifa skýran, fræðilegan og greinandi texta um samhengi sögu og samtíma og taka þátt í gagnrýninni umræðu um menningu, listir og sögu
- beita þekkingu sinni á listasögunni í verklegu námi og í framtíðarlistsköpun á sínu sviði

Námsgrein: Litafræði

LITA4LX03 Litir og textill

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn kynnist aðferðum til að koma á framfæri hugmyndum um samsetningu á litum og áferðum í textíl. Nemandinn setur saman litakort og vinnur með samspil myndefnis og textíls. Nemandinn velur sér hugmyndaheim og gerir ítarlega rannsókn á myndefni í ákveðnum litaskala sem tilheyrir honum. Nemandinn gerir fjölbreyttar tilraunir með hlutföll og samspil lita og túlkar mismunandi áferðir með teikningu og ólíkum efnum. Í lok áfangans kynnir nemandinn heildrænt litakort ásamt hugmynd að hönnun eða stefnu tengda litakortinu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hlutverki litakorts í tengslum við textílhönnun
- mismunandi aðferðum við sjónræna rannsóknarvinnu og samspili myndefnis og texta
- greiningu og túlkun lita og áferða og hvernig nýta má tæknina við gerð textíls

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá hugmyndir sínar með aðstoð myndefnis og texta
- setja saman litakort á faglegan hátt
- útskýra litakort með dæmum um mismunandi litasamsetningar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hanna litakort og setja það fram á faglegan og listrænan hátt
- tjá hugmynd að verki eða hönnun með niðurstöðum sjónrænnar rannsóknar
- túlka áferðir og litasamsetningar með fjölbreyttu efni og aðferðum

Námsgrein: Málstofa

MÁLS4XV04 Vefnaður

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar, hönnunar, listhandverks og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í heimi textíls og fatagerðar og að varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli greinarinnar. Vettvangsferðir eru hluti af viðfangsefni áfangans þar sem margs konar menningarviðburðir eru skoðaðir, gagnrýndir og metnir. Viðhorf og verk ýmissa hönnuða, lista- og fræðimanna eru til umfjöllunar og nemandinn fær tækifæri til að rýna í hugmyndir þeirra. Jafnframt er fjallað um fjölbreytt málefni sem varða daglegt líf, s.s. fjármál og skatta, heimspeki, sálfræði og andlega líðan. Rætt er um þau málefni sem heitast brenna á samfélaginu á hverjum tíma og þau skoðuð í ljósi almennrar umræðu annars vegar og persónulegrar reynslu nemenda hinsvegar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu, listhandverk og hönnun
- hugmyndum og verkum ólíkra listamanna sem vinna með textíl
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur myndlist og hönnun
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um textíl, bæði eigin verk og annarra
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um textíl í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli fagsins
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin verk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um textíl
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

MÁLS4XP04 Prjón

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar, hönnunar, listhandverks og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í heimi textíls og fatagerðar og að varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli greinarinnar. Vettvangsferðir eru hluti af viðfangsefni áfangans þar sem margs konar menningarviðburðir eru skoðaðir, gagnrýndir og metnir. Viðhorf og verk ýmissa hönnuða, lista- og fræðimanna eru til umfjöllunar og nemandinn fær tækifæri til að rýna í hugmyndir þeirra. Jafnframt er fjallað um fjölbreytt málefni sem varða daglegt líf, s.s. fjármál og skatta, heimspeki, sálfræði og andlega líðan. Rætt er um þau málefni sem heitast brenna á samfélaginu á hverjum tíma og þau skoðuð í ljósi almennrar umræðu annars vegar og persónulegrar reynslu nemenda hinsvegar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu, listhandverk og hönnun
- hugmyndum og verkum ólíkra listamanna sem vinna með textíl
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur myndlist og hönnun
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um textíl, bæði eigin verk og annarra
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um textíl í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli fagsins

- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin verk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um textíl
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

MÁLS4XT04 Tækni og umhverfisvitund

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar, hönnunar, listhandverks og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í heimi textíls og fatagerðar og að varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli greinarinnar. Vettvangsferðir eru hluti af viðfangsefni áfangans þar sem margs konar menningarviðburðir eru skoðaðir, gagnrýndir og metnir. Viðhorf og verk ýmissa hönnuða, lista- og fræðimanna eru til umfjöllunar og nemandinn fær tækifæri til að rýna í hugmyndir þeirra. Jafnframt er fjallað um fjölbreytt málefni sem varða daglegt líf, s.s. fjármál og skatta, heimspeki, sálfræði og andlega líðan. Rætt er um þau málefni sem heitast brenna á samfélaginu á hverjum tíma og þau skoðuð í ljósi almennrar umræðu annars vegar og persónulegrar reynslu nemenda hins vegar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu, listhandverk og hönnun
- hugmyndum og verkum ólíkra listamanna sem vinna með textíl
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur myndlist og hönnun
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um textíl, bæði eigin verk og annarra
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um textíl í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli fagsins
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin verk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um textíl
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk

- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

MÁLS4XB04 Þrykk og litun

Lýsing

Áfanginn er vettvangur fyrir víðfeðma fræðilega umræðu og faglega gagnrýni þar sem nemandinn er leiddur inn í margbrotinn heim myndlistar, hönnunar, listhandverks og menningar. Markmiðið er að opna umræðu um helstu strauma, stefnur og gerendur í heimi textíls og fatagerðar og að varpa ljósi á hugmyndir, hugtök og kenningar sem stuðst er við og dýpka þannig skilning nemandans á eðli greinarinnar. Vettvangsferðir eru hluti af viðfangsefni áfangans þar sem margs konar menningarviðburðir eru skoðaðir, gagnrýndir og metnir. Viðhorf og verk ýmissa hönnuða, lista- og fræðimanna eru til umfjöllunar og nemandinn fær tækifæri til að rýna í hugmyndir þeirra. Jafnframt er fjallað um fjölbreytt málefni sem varða daglegt líf, s.s. fjármál og skatta, heimspeki, sálfræði og andlega líðan. Rætt er um þau málefni sem heitast brenna á samfélaginu á hverjum tíma og þau skoðuð í ljósi almennrar umræðu annars vegar og persónulegrar reynslu nemenda hinsvegar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi faglegrar gagnrýni og umræðu um listir, menningu, listhandverk og hönnun
- hugmyndum og verkum ólíkra listamanna sem vinna með textíl
- helstu hugmyndum, hugtökum og kenningum um strauma og stefnur myndlist og hönnun
- grunnhugtökum sem tengjast fjármálum, viðskiptum og sköttum
- grunnhugtökum í sálfræði og heimspeki til að skoða eigin sjálfsmynd og rýna í samfélagið og heiminn

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða faglega og gagnrýnið um textíl, bæði eigin verk og annarra
- lesa og ræða um margvíslegt fræðiefni um textíl í því skyni að dýpka skilning sinn á eðli fagsins
- taka þátt í umræðum um eigin verk og verk annarra
- tjá hugmyndir sínar í samræðu
- rýna í samfélagið og umhverfið og safna kveikjum og hugmyndum til að vinna með síðar
- greina stefnur og strauma og taka afstöðu til málefna liðandi stundar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka faglega og gagnrýna afstöðu í umræðu um eigin verk og annarra
- vitna til fræðilega kenninga í umræðu um textíl
- beita helstu hugtökum sem notuð eru í fræðikenningum sem fjalla um strauma, stefnur og listaverk
- gera sér skýra mynd af hlutverki sínu sem listamaður og manneskja og þeim margvíslegu möguleikum sem í því felst

Námsgrein: Möppugerð

MAPP4SF02 Starfspróun og ferilskrá

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn tileinki sér aðferðir til að halda utan um eigin náms- og starfsferil og hafa yfirsýn yfir eigin verk. Nemandinn fær leiðsögn í að taka myndir af verkum sínum og vinna með þær á viðeigandi hátt. Enn fremur fær nemandinn aðstoð við að hanna möppu, setja upp ferilskrá og rita texta um eigin námsferil og verk. Fjallað er um höfundarrétt og siðfræði myndhöfunda. Áhersla er lögð á

persónuleg vinnubrögð og að nemandinn leggi sjálfstætt mat á eigin vinnu og velji lykilverk til að koma á framfæri í möppu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi þess að halda skrá um verkefni og verk
- mismunandi aðferðum við að ljósmynda verk eftir eðli þeirra
- fjölbreyttum aðferðum við að hanna möppu
- mikilvægi þess að velja gott úrval verka í möppu
- réttindum og skyldum myndhöfunda

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- halda utan um og skrá verk sín
- ljósmynda verk sín
- hanna möppu
- setja upp ferilskrá og skrifa yfirlýsingu listamanns

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- velja lykilverk úr eigin verkum til að setja í möppu
- hanna möppu sem hentar eigin verkum
- afla nýrra verkefna á grundvelli starfsferils síns
- umgangast verk annarra höfunda á heiðarlegan og löglegan hátt
- þekkjast styrk sinn og huga að eigin starfsþróun

Námsgrein: Náms- og starfsval

NÁMS4NF05 Námsferð

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn öðlist góða yfirsýn yfir eigin starfsmöguleika og frekari námstækifæri að loknu námi á brautinni. Nemandinn tekur þátt í ferð til eins eða tveggja landa í Evrópu og heimsækir skóla, söfn, sýningar, gallerí og fyrirtæki sem tengjast greininni. Nemandinn fær innsýn í samskiptaferla innan greinarinnar og tækifæri til að eiga samskipti um fagið á erlendu tungumáli. Áhersla er lögð á markvissan undirbúning og úrvinnslu upplýsinga úr námsferðinni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreyttum menningarstofnunum á sviði myndlistar, hönnunar og listhandverks, s.s. skólum, söfnum og fyrirtækjum
- mikilvægi þess að kynna sér náms- og starfsframboð erlendis
- ýmsum samskiptaferlum sem tíðkast innan greinarinnar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna persónulega ferðafrásögn byggða á heimildaröflun og skrásetningu á hughrifum
- ræða á erlendu tungumáli um fagið við fagfólk innan greinarinnar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja sér raunhæf markmið um nám og störf í framtíðinni, bæði hérlendis og erlendis

Námsgrein: Saga

SAGA4FX03 Textílsaga

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn öðlist yfirsýn yfir sögu og þróun textíls og fatnaðar og sjái sér þá þekkingu sína í eigin sköpun og hönnun. Nemandinn rannsakar textíl um víða veröld frá upphafi til dagsins í dag og skoðar ólíkar hugmyndir í samhengi við samfélagsgerð og búsetumynstur og strauma og stefnur í stjórnámálum, trúarbrögðum og vísindum. Lögð er áhersla á að nemandinn ástundi fræðileg vinnubrögð í skriflegum verkefnum, umgangist heimildir á faglegan hátt og skrifi góðan og læsilegan texta.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu einkennum og þróun textíls í ýmsum heimshornum
- sögunni sem uppsprettu fyrir hugmyndavinnu í tengslum við textíl og hönnun
- mikilvægi faglegrar umræðu um listir og menningu
- mikilvægi fræðilegra vinnubragða í skriflegri verkefnavinnu
- samhengi menningarlegra, hugmyndalegra og efnahagslegra þátta við tæknilega þróun í textíl og fatagerð

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla sér heimilda til að nýta í rannsóknarvinnu
- nýta sögu textíls í vinnu við textílhönnun
- ræða faglega um sögu textíls í samhengi við mannkynssöguna
- skrifa fræðilegan og læsilegan texta um sögu textíls
- taka þátt í umræðum um fagið og sögu þess

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta sett textíl í samhengi við listir og sögu, skrifa skýran, fræðilegan og greinandi texta um samhengi textílsögu og samtíma og taka þátt í gagnrýninni umræðu um textíl, sögu og samfélag
- beita þekkingu sinni á sögu textíls í verklegu námi og í framtíðasköpun á sínu sviði

Námsgrein: Teikning

TEIK4MY05 Mynsturgerð

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn öðlist þekkingu á fjölbreyttum aðferðum og tækni til að teikna og hanna mynstur fyrir þrykk. Nemandinn kynnist undirstöðu atriðum í mynsturgerð og rannsakar ólíkar mynsturgerðir. Vinna nemandans í áfanganum byggir á ríkulegri hugmyndavinnu og sjónrænni rannsóknarvinnu þar sem skissur og teikningar byggðar á frummyndum eru settar saman á ýmsa vegu í leit að möguleikum á endurtekningu. Nemandinn kynnist tölvuforritum sem nýtast til mynsturgerðar og til að undirbúa mynstur fyrir prent.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mynstrum fyrir þrykk og möguleikum þeirra
- vinnuferli við skissugerð og hugmyndaþróun við mynsturgerð
- mynstureiningu og hvernig nýta má hana á margvíslegan hátt og í mismunandi stærðum til að fá ólíka útkomu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna sjálfstætt að þróun hugmynda að mynsturlínu fyrir þrykk
- teikna, hanna og útfæra eigið mynstur

- nota tölvuforrit til að útfæra og fínvinna mynstur
- endurtaka mynstur lóðrétt og lárétt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna sjálfstætt að hönnun og gerð mynsturs sem er bæði persónulegt og frumlegt
- vinna með símynstur mynstureiningu endurtekur sig lóðrétt og lárétt

TEIK4ST03 Skissuteikning

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn dýpki hæfni sína í teikningu og öðlist frekari þjálfun í að framkalla hugmyndir með teikningu. Nemandinn er hvattur til að vinna reglulega í skissubók. Nemandinn gerir tilraunir með mismunandi tegundir pappírs, margvísleg teikniáhöld og fjölbreyttar aðferðir við skissuvinnu sína. Ennfremur kynnist nemandinn vinnubrögðum ólíkra listamanna og hönnuða sem nota teikningu til að framkalla hugmyndir sínar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi teikningarinnar í öllu myndrænu sköpunarferli
- ólíkum eiginleikum margvíslegra pappírsgerða og teikniáhalda
- fjölbreyttum aðferðum ólíkra listamanna og hönnuða við skissuteikningu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkalla hugmyndir sínar í skissuteikningu
- nota fjölbreytt áhöld og margskonar pappír í skissuvinnu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nálgastr teikningu á fjölbreyttan, greinandi og skapandi hátt.
- Nýta sér skissur í hugmyndavinnu fyrir textílverk.
- nota fjölbreytt áhöld og margskonar pappír í skissuvinnu.

Námsgrein: Textíll

TXTL4EA09 Efni og aðferðir

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn öðlist yfirsýn yfir algengustu textílefnir og vinnsluaðferðir og þekkingu á sérkennum þeirra og eiginleikum. Fjallað er um fjölbreytt hráefni til þráðagerðar og helstu aðferðir til vinnslu voðar. Nemandinn rannsakar fjölbreytt náttúrleg efni og gerfiefni sem notuð eru til þráðagerðar og kynnist helstu vinnsluaðferðir textílefna s.s. vefnaði, þrjóni og spuna, sem og nýrri aðferðum á borð við líftextíl og þrívíddarprentun. Eiginleikar efna eru skoðaðir með það fyrir augum að átta sig á möguleikum og hugsanlegum takmörkunum í úrvinnslu. Lagt er upp með að nemendur geri sjálfstæðar tilraunir og rannsóknir með miðlana sem þau nema hverju sinni, með það að markmiði að þróa sína sjálfstæðu rödd sem listafólk og hönnuðir. Áhersla er lögð á efni sem unnin eru á umhverfisvænan hátt og hugtök í textíliðnaðinum sem varða umhverfisvænan textíl.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu tegundum textílefna og eiginleikum þeirra
- meðhöndlun textílefna, möguleikum og takmörkunum í úrvinnslu hugmynda í textíl
- helstu hugtökum sem snúa að umhverfisvænum textíl

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- þekkja mismunandi textílefni og eiginleika þeirra
- þekkja helstu hráefni til textílgæðar
- þekkja muninn á umhverfissvænni textílframleiðslu og óumhverfissvænni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina hvort innihald textílefna sé náttúrulegt eða ekki
- velja textílefni til úrvinnslu
- hanna textílefni til framleiðslu
- vinna á skapandi hátt með fjölbreytta möguleika textílefna

TXTL4PR13 Handprjón, vélprjón

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn rannsaki og þrói listræna og fagurfræðilega hæfni sína í gegnum prjón. Nemandinn kynnist grundvallarþáttum í prjóni og prjónatækni samhliða því að vinna hugmyndavinnu og gera tilraunir með prjón. Í áfanganum fjallar nemandinn um helstu hugtök í prjóni og dýpkar skilning sinn á uppbyggingu prjóns og möguleikum sem felast í prjóni fyrir hönnun og listsköpun í textíl.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum sem notuð eru í tengslum við prjón
- helstu gerðum prjóns
- grunntækni og uppbyggingu prjóns
- aðferðir til að þróa og útfæra hugmyndir með prjónatækni
- skapandi og tæknilegu undirbúningsferli frá hönnun eða listsköpun í textíl

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- útfæra hugmynd í prjón
- vinna sjálfstætt við þróun hugmynda og gera tilraunir með efni og áferðir
- útfæra hugmyndir sínar með fjölbreyttum prjónaaðferðum og prjónatækni
- byggja val á garni og prjónatækni á rannsóknar- og hugmyndavinnu
- útfæra og setja fram hugmynd að verki

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nota prjón til að koma hugmynd í framkvæmd
- prjóna og hanna flík eða myndverk
- hanna mynstur og áferð með prjóni
- hanna voð til framleiðslu í prjónaverksmiðju að undangenginni hugmyndavinnu og ítarlegu tæknilegu rannsóknarferli

TXTL4UV05 Ullarvinnsla

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn fái góða yfirsýn yfir algengasta hráefni til þráðagerðar og meðhöndlun þess fyrir spuna og jurtalitun og öðlist færni í helstu aðferðum í meðhöndlun og vinnslu náttúrulegra trefja. Nemandinn kynnist algengustu hráefnum í íslenskri náttúru sem henta í spuna og til bandagerðar. Nemandinn öðlast þjálfun í að taka ofan af og kemma og að vinna úr öllum efniviði á

hefðbundinn hátt en lögð er rík áhersla á að nemandinn geri jafnframt fjölbreyttar tilraunir með spuna og í efnisvali. Íslenska ullin er meginviðfangsefnið en að auki eru ýmsar aðrar trefjar kynntar bæði íslenskar og erlendar. Nemandinn fræðist um jurtir í náttúruulandsins sem nýttar eru til jurtalitunar og öðlast þjálfun í að lita band með jurtum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi eiginleikum bands og notagildi þess
- algengasta hráefni til þráðagerðar og meðhöndlun þess fyrir spuna og jurtalitun
- möguleikum sem felast í ullarvinnslu og jurtalitun
- framleiðslumöguleikum bands á Íslandi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- spinna sitt eigið band, bæði á rokk og halasnældu
- spinna þráð úr mismunandi trefjum
- undirbúa band fyrir spuna og jurtalitun
- þekkjja, tína og vinna með jurtir til jurtalitunar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta fjölbreytta möguleika til þráðagerðar og til framleiðslu á bandi
- vinna með íslenskt hráefni til framleiðslu á vöru eða í myndlist
- þekkjja aðferðir til jurtalitunar sem nýst geta í framleiðslu

TXTL4VF09 Vefnaður

Lýsing

Markmið áfangans er að nemandinn öðlist þekkingu á því hvernig sett er upp í vefstól fyrir allar helstu vefnaðargerðir. Nemandinn hefur tækifæri til að reyna helstu vefnaðaraðferðir. Nemandinn öðlast þjálfun í að lesa leiðbeiningar og uppskriftir fyrir uppsetningu í vefstól, reikna út áætlað garnmagn, rekja í uppistöðu og binda upp í vefstólinn. Nemandinn er hvattur til að gera tilraunir með uppbindingu og efnisval. Nemandinn kynnist tölvustýrðum vefstól og forritum sem léttir starfið við uppbindingu og hönnun.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- leiðbeiningum og uppskriftum til að setja upp í vefstól
- vefnaði og ólíkum eiginleikum mismunandi vefnaðartegunda
- fjölbreyttum vefnaðartegundum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- binda upp í vefstól
- lesa uppskriftir og leiðbeiningar fyrir mismunandi vefnaðartegundir
- vefa voð

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja upp vef og vefa voð
- hanna mynstur og áferð í vefnað
- þekkjja og greina mismunandi gerðir vefnaðar

TXTL4ÞL12 Litur og mynstur

Lýsing

Í áfanganum öðlast nemandinn undirstöðuþekkingu á samspili lita og textíls, og lærir litun, mynsturgerð og þrykk. Nemandinn skoðar sögu þrykks og litunar og hlutverk þessara aðferða í samtímanum og kynnist helstu litarefnum fyrir textíl. Nemandi lærir að ná fram mynstri í textíl með fjölbreyttum aðferðum, s.s. shibori, batik, ikat, stensilþrykki og silkiþrykki. Áhersla er lögð á að nemandinn kynnist ólíkum eiginleikum litarefna í samspili við mismunandi textílefni sem ýmist auka eða takmarka möguleika við þrykk og litun. Nemandi kynnist áhrifum ólíkra litunaraðferða á umhverfið og er lögð áhersla á að nálgast fornar og framsæknar litunaraðferðir á skapandi hátt með sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum við að yfirfæra mynstur á ramma og blanda kvoðu og liti fyrir þrykk á efni
- þrykkroðum og öðrum verkfærum til að þrykkja á efni, lýsa á ramma og útbúa skapalón bæði úr pappír og plasti
- ólíkum eiginleikum litadufts og hvarfgjarnra lita

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að

- þrykkja á efni og fixera í gufupotti
- þrykkja einföld símynstur á efni
- reikna út uppskriftir og útbúa litablöndur eftir uppskrift

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita viðeigandi efnum og aðferðum við að undirbúa, lita og þrykkja á margskonar textíl.

Námsgrein: Verkstæði

VSTÆ4XV04 Vefnaður

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð í verkstæðisvinnu. Nemandinn vinnur undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulegu sýn. Nemandinn byggir vinnu sína á aðferðum, efnistöfum og tækni sem fjallað er um í áföngum annarinnar og speglar eigin áhugasvið í hugmyndavinnu og útfærslu. Áhersla er lögð á markvisst vinnuferli frá hugmynd til niðurstöðu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í vinnu sjálfstætt starfandi listamanns á textílverkstæði
- tengslum milli hefðbundinna vinnuaðferða og textílvinnu samtímans
- samhengis efnis, aðferðar og hugmyndavinnu
- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til eigin verka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni og aðferðir sem henta persónulegum vinnubrögðum og hugmyndum
- vinna markvisst frá hugmynd til lokaniðurstöðu
- tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til vinnu út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- nýta þekkingu á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hugmyndavinnu og útfærslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til að gera persónuleg verk
- taka afstöðu til viðfangsefnisins og ræða um það út frá gagnrýnu sjónarmiði
- setja eigin efnistöð í samhengi við hefðbundnar aðferðir í textíl annars vegar og hugmyndir samtímans hinsvegar
- fjalla um og rökstyðja eigin hugmyndir og vinnubrögð

VSTÆ4XP04 Prjón

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð í verkstæðisvinnu. Nemandinn vinnur undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn byggir vinnu sína á aðferðum, efnistöðum og tækni sem fjallað er um í áföngum annarinnar og speglar eigin áhugasvið í hugmyndavinnu og útfærslu. Áhersla er lögð á markvisst vinnuferli frá hugmynd til niðurstöðu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í vinnu sjálfstætt starfandi listamanns á textílverkstæði
- tengslum milli hefðbundinna vinnuaðferða og textílvinnu samtímans
- samhengis efnis, aðferðar og hugmyndavinnu
- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til eigin verka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni og aðferðir sem henta persónulegum vinnubrögðum og hugmyndum
- vinna markvisst frá hugmynd til lokaniðurstöðu
- tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til vinnu út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- nýta þekkingu á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hugmyndavinnu og útfærslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til að gera persónuleg verk
- taka afstöðu til viðfangsefnisins og ræða um það út frá gagnrýnu sjónarmiði
- setja eigin efnistöð í samhengi við hefðbundnar aðferðir í textíl annars vegar og hugmyndir samtímans hinsvegar
- fjalla um og rökstyðja eigin hugmyndir og vinnubrögð

VSTÆ4XT04 Tækni og umhverfisvitund

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð í verkstæðisvinnu. Nemandinn vinnur undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn byggir vinnu sína á aðferðum, efnistöðum og tækni sem fjallað er um í áföngum annarinnar og speglar eigin áhugasvið í hugmyndavinnu og útfærslu. Áhersla er lögð á markvisst vinnuferli frá hugmynd til niðurstöðu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í vinnu sjálfstætt starfandi listamanns á textílverkstæði
- tengslum milli hefðbundinna vinnuaðferða og textílvinnu samtímans
- samhengis efnis, aðferðar og hugmyndavinnu

- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til eigin verka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni og aðferðir sem henta persónulegum vinnubrögðum og hugmyndum
- vinna markvisst frá hugmynd til lokaniðurstöðu
- tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til vinnu út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- nýta þekkingu á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hugmyndavinnu og útfærslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til að gera persónuleg verk
- taka afstöðu til viðfangsefnisins og ræða um það út frá gagnrýnu sjónarmiði
- setja eigin efnistöð í samhengi við hefðbundnar aðferðir í textíl annars vegar og hugmyndir samtímans hinsvegar
- fjalla um og rökstyðja eigin hugmyndir og vinnubrögð

VSTÆ4XÞ04 Þrykk og litun

Lýsing

Markmiðið er að nemandinn tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð í verkstæðisvinnu. Nemandinn vinnur undir handleiðslu kennara en þróar um leið með sér sjálfstæðar vinnuaðferðir og skerpir eigin persónulega sýn. Nemandinn byggir vinnu sína á aðferðum, efnistöðum og tækni sem fjallað er um í áföngum annarinnar og speglar eigin áhugasvið í hugmyndavinnu og útfærslu. Áhersla er lögð á markvisst vinnuferli frá hugmynd til niðurstöðu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í vinnu sjálfstætt starfandi listamanns á textílverkstæði
- tengslum milli hefðbundinna vinnuaðferða og textílvinnu samtímans
- samhengis efnis, aðferðar og hugmyndavinnu
- mikilvægi gagnrýnnar afstöðu til eigin verka

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni og aðferðir sem henta persónulegum vinnubrögðum og hugmyndum
- vinna markvisst frá hugmynd til lokaniðurstöðu
- tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna afstöðu til vinnu út frá persónulegri þekkingu á miðlinum
- nýta þekkingu á efni og aðferðum til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hugmyndavinnu og útfærslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með ólíka eiginleika mismunandi efna og beita fjölbreyttum aðferðum til að gera persónuleg verk
- taka afstöðu til viðfangsefnisins og ræða um það út frá gagnrýnu sjónarmiði
- setja eigin efnistöð í samhengi við hefðbundnar aðferðir í textíl annars vegar og hugmyndir samtímans hinsvegar
- fjalla um og rökstyðja eigin hugmyndir og vinnubrögð